



Samanburður á úrræðum og umsóknum
um þjónustu til Barna- og fjölskyldustofu á
árunum 2019 - 2022

Febrúar 2024

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2019-2021 og nú, árið 2022, til Barna- og fjölskyldustofu. Að auki má finna tölulegar upplýsingar úr Barnahúsi frá sama tímabili, fyrir allt árið 2019-2022.

Umsóknum um meðferð fjölga lítillega

Umsóknir um meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu voru 159 árið 2022 eða þremur fleiri en árið áður. Sé miðað við árin á undan má sjá að lítillegar sveiflur eru á umsóknum, en þær voru alls 154 árið 2019 og 168 árið 2020. Líkt og fyrri ár bárust flestar umsóknir vegna MST, eða 113 umsóknir. Alls bárust 32 umsóknir vegna Stuðla á árinu 2022, tveimur færri en árin 2021 og 2020. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 42,8% og fleiri umsóknir um meðferð bárust vegna stúlkna en drengja, ólíkt fyrri árum.

Beiðnir um tímabundið fóstur fleiri en í fyrra

Beiðnir til Barna- og fjölskyldustofu um fósturheimili voru 143 á árinu 2022, fleiri en árið á undan þegar þær voru 135 en þó færri en á árunum 2019-2020. Líkt og fyrri ár voru flestar beiðnir vegna tímabundins fósturs, alls 86 árið 2022. Er það fjölgun frá árinu áður, en þó færri en á árunum 2019 og 2020. Beiðnir um varanlegt fóstur voru töluvert færri árið 2022 heldur en á árunum á undan. Umsóknir um styrkt fóstur voru 38 árið 2022, jafn margar og árið 2021. Fleiri beiðnir bárust vegna drengja en stúlkna á árinu 2021, og er það almennt í takt við fyrri ár.

Í kjölfar þess að Barnaverndarstofa var lögð niður færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en nýrri stofnun Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Árið 2022 var Barna- og fjölskyldustofu falið að veita umsögn vegna 52 umsókna til að gerast fósturforeldrar og er það í takt við fjölda umsókna fyrri ára.

Mikil aukning í Barnahúsi

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði á milli ára, úr 423 árið 2021 í 378 árið 2022. Skýrslutökur fyrir dómi voru 218 á árinu 2022, færri en árin 2020 og 2021. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 160 á árinu 2022, sem er fjölgun á milli ára. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl á árinu 2022, líkt og fyrri ár.

Vistunum og vistunardögum fækkar á Stuðlum

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 167 í 136 á árinu 2022, sé miðað við árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 919 á árinu 2021 í 653 á árinu 2022. Alls komu 58 börn á lokaða deild á árinu 2022.


Umsóknir um meðferð

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	28	18,2	34	20,2	34	21,8	32	20,1
Önnur meðferðarheimili ¹	21	13,6	16	9,5	13	8,3	14	8,8
MST	105	68,2	118	70,2	109	69,9	113	71,1
Alls	154	100,0	168	100,0	156	100,0	159	100,0

¹Lækjarbakki, Laugaland og Bjarngey. Rekstaraðili Laugalands sagði upp samningi og var heimilinu lokað þann 31. júní 2021.

Fjöldi umsókna eftir úrræðum



Á árinu 2022 bárust 32 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla, tveimur færri en árið á undan. Á árinu 2022 bárust 14 umsóknir vegna annarra meðferðarheimila sem er einni fleiri en árið 2021 en þó færri en á árunum 2019 og 2020. Þá bárust 113 umsóknir vegna MST á árinu 2022 og eru það heldur fleiri umsóknir en bárust árið á undan.

Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	58	37,7	60	35,7	42	26,9	50	31,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	40	26,0	40	23,8	51	32,7	41	25,8
Landsbyggð	56	36,4	68	40,5	63	40,4	68	42,8
Alls	154	100,0	168	100,0	156	100,0	159	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	97	63,0	99	58,9	83	53,2	72	45,3
Stúlkur	57	37,0	69	41,1	72	46,2	84	52,8
Stálp ¹	-	-	-	-	1	0,6	3	1,9
Alls	154	100,0	168	100,0	156	100,0	159	100,0


¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Á árinu 2022 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 42,8% allra umsókna. Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barna- og fjölskyldustofu á árinu 2022 vegna meðferðarúrræða, voru vegna stúlkna, ólíkt því sem má sjá fyrri ár.

Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	98	60,1	95	57,6	67	49,6	86	60,1
Varanlegt	33	20,3	41	24,8	30	22,2	19	13,3
Styrkt	32	19,6	29	17,6	38	28,2	38	26,6
Alls	163	100,0	165	100,0	135	100,0	143	100,0



Beiðnir um fósturheimili voru heldur fleiri á árinu 2022 en þær voru árið 2021 en færri en á árunum 2020 og 2019.

Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs. Á árinu 2021 bárust 86 umsóknir vegna tímabundins fósturs, samanborið við 67, 95 og 98 umsóknir á árunum 2021, 2020 og 2019.

Á árinu 2022 bárust 19 umsóknir vegna varanlegs fósturs sem eru færri en árin á undan.

Umsóknum um styrkt fóstur voru jafn margar árið 2022 og árið 2021 en fleiri en árin þar á undan.

Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	63	38,7	63	38,2	38	28,2	51	35,65
Nágrenni Reykjavíkur ¹	47	28,8	45	27,3	40	29,6	41	28,7
Landsbyggð	53	32,5	57	34,5	57	42,2	51	35,65
Alls	163	100,0	165	100,0	135	100,0	143	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	82	50,3	78	47,3	71	52,6	73	51,0
Stúlkur	81	49,7	86	52,1	64	47,4	70	49,0
Stálp/ekki vitað ^{1,2}	0	0,0	1	0,6	0	0,0	0	0,0
Alls	163	100,0	165	100,0	135	100,0	143	100,0

¹Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað.

²Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Jafn margar beiðnir um fósturheimili á árinu 2022 voru vegna barna í Reykjavík og landsbyggð, eða 71,3% allra beiðna.

.Beiðnir um fósturheimili fyrir drengi voru fleiri en beiðnir fyrir stúlkur, líkt og undanfarin ár, utan 2020.


Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti á árunum 2019 til 2022

Þjónusta í Barnahúsi

	2019	2020	2021	2022
Rannsóknarviðtöl	257	334	423	378
a. Skýrslutökur ¹	150	220	278	218
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	105	115	167	120
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis</i>	45	105	111	98
b. Könnunarviðtöl	107	114	145	160
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	6	5	2	28
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila</i>	2	0	0	1
Greiningar- og meðferðarviðtöl	107	133	139	156
Læknisskoðanir	5	0	7	6

¹Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í tveimur tilvikum á árinu 2019, í sex tilvikum á árinu 2020, í ellefu tilvikum á árinu 2021 og einu tilvik í árið 2022.



Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði á milli ára, 378 á árinu 2022 en voru 423 á árinu 2021. Rannsóknarviðtöl voru þó fleiri en árið 2020 og 2019 þegar þau voru 334 og 257.

Skýrslutökur ár 2022 voru alls 218, sem eru heldur fleiri en þær oru árið 2019 en færri heldur en skýrslutökur á árunum 2020-2021.

Yfir helmingur skýrslutaka vörðuðu kynferðislegt ofbeldi, eða 55% allra skýrslutaka.

Skýrslutökur á árinu 2022 er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 98, eða nokkuð færri en á árunum 2020-2021 en þó yfir tvöfalt fleiri en árið 2019.

Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru heldur fleiri en síðustu ár, eða 160 í heildina.

Beiðni um þjónustu í Barnahúsi eftir kyni barns

Kyn barna ¹	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	81	31,5	124	37,1	130	30,7	132	34,9
Stúlkur	176	68,5	210	62,9	292	69,0	245	64,8
Stálp ²	-	-	-	-	1	0,2	1	0,3
Alls	257	100,0	334	100,0	423	100,0	378	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

²Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á árinu 2022 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára.

Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla á árunum 2019 til 2022.

Lokuð deild á Stuðlum	2019	2020	2021	2022
Fjöldi vistana	220	152	167	136
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	1.157	754	884	638
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun sky. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	72	35	15
Fjöldi einstaklinga	82	69	67	58

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	51	62,2	50	72,5	48	71,6	42	72,4
Stúlkur	31	37,8	19	27,5	19	28,4	16	27,6
Alls	82	100,0	69	100,0	67	100,0	58	100,0

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 136 á árinu 2022, en það eru nokkuð færri vistanir en árið 2020. Vistunardagar voru alls 653 á árinu 2022. Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla á árinu 2022 voru 58 börn, og þar af voru drengir í meirihluta.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar/beiðni um umsagnir við umsóknum

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar á árunum 2019 til 2021 og fjölda beiðna um umsagnir árið 2022. Þann 1. janúar 2022 var Barnaverndarstofa lögð niður og Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa. Í kjölfarið færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Hér fyrir neðan má sjá fjölda umsagna sem Barna- og fjölskyldustofa var beðið um að veita. Tölur fyrir árið 2022 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri ár en má þó ætla að Barna- og fjölskyldustofa sé beðin um að veiti langflestum umsóknum umsagnir.

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar/umsagnir vegna leyfa

Hvaðan koma umsóknirnar	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	28	59,6	22	37,3	24	52,2	32	61,5
Vesturland	3	6,4	3	5,1	2	4,3	3	5,8
Vestfirðir	1	2,1	2	3,4	4	8,7	1	1,9
Norðurland	6	12,8	10	16,9	5	10,9	5	9,6
Austurland	1	2,1	3	5,1	1	2,2	0	0,0
Suðurland	4	8,5	11	18,6	7	15,2	5	9,6
Reykjanes	4	8,5	7	11,9	3	6,5	6	11,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	1	1,7	0	0,0	0	0,0
Samtals	47	100,0	59	100,0	46	100,0	52	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um umsagnir frá Gæða- og eftirlitsstofnun, vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 52 á árinu 2022. Þó svo að hér sé ekki um fyllilega sambærilegar tölur að ræða er fjöldi beiðna um umsagnir í takt við fjölda umsókna frá fyrri árum.